

## Skil á efni til KMÍ fyrir kvikmynd í fullri lengd sem hefur hlotið styrk úr Kvikmyndasjóði:

Vinsamlega athugið að lokagreiðsla á styrk er ekki innt af hendi nema framleiðandi hafi skilað til KMÍ grunnupplýsingum (eyðublað má finna á heimasíðu KMÍ), stafrænum gögnum (sjá bls. 1) og uppgjöri (sjá bls. 3).

- I. **Grunnupplýsingar með uppfærðum og endanlegum lykilupplýsingum um mynd og helstu aðstandendur.** Eyðublað má nálgast á heimasíðu KMÍ. Einnig skal skila inn einni ljósmynd/stillu í góðri upplausn sem hentar sem aðalmynd verksins á TIFF formi, lágmarks upplausn 1080 x 1920 og 300 dpi. Bæði í RGB og CMYK litakerfi.

Vinsamlegast skilið inn um leið og tiltækt en eigi síðar en tveimur vikum fyrir frumsýningu á [umsoknir@kvikmyndamidstod.is](mailto:umsoknir@kvikmyndamidstod.is)

## II. **Skil á stafrænum gögnum fyrir leikna kvikmynd í fullri lengd (feature).**

Framleiðandi skal skila neðangreindum gögnum til Kvikmyndamiðstöðvar Íslands, Hverfisgötu 54, 101 Reykjavík, um leið og þau eru tiltæk og ekki síðar en 6 mánuðum eftir frumsýningu.

Kvikmyndamiðstöð Íslands óskar eftir því að stafrænum gögnum vegna kvikmyndar í fullri lengd sem talin upp hér að neðan, sé skilað á tveimur hörðum diskum. Báðum hörðum diskum heldur KMÍ eftir.

1. Harður diskur 1.  
Aðal skiladiskur 3, 5" SATA án hýsingar eða USB 2,5" flakkara merktur nafni myndarinnar og framleiðanda. Hér að neðan er tilgreint hvaða stafrænu gögnum þarf að skila á þessum disk:
  - a. DCP mappa, 2K eða hærri upplausn ef gerð hefur verið með hljóðrásum og enskum texta.
  - b. Skrá af lokaútgáfu kvikmyndarinnar án texta, litgreind; 1920 x 1080, að minnsta kosti 10-bit, lossless, 4:4:4 skrá (t.d. Apple ProRes, Material Exchange Format, MFX, svo sem Avid DNxHD 4:4:4) auk viðeigandi hljóðrása. Verði myndin verið sýnd í 4K skulu þessar skrár vera 4K.
  - c. Skrá af lokaútgáfu kvikmyndarinnar með enskum texta, litgreind; 1920 x 1080, að minnsta kosti 10-bit, lossless, 4:4:4 skrá (t.d. Apple ProRes, Material Exchange Format, MFX, svo sem Avid DNxHD 4:4:4) auk viðeigandi hljóðrása. Verði myndin verið sýnd í 4K skulu þessar skrár vera 4K.
  - d. MP4 skrá í Blu-ray gæðum: 1080. mp4, 30-50 Mbit/s, með innbrenndum enskum texta. (Óþarfi að senda inn Blu-ray diska)
  - e. Skrá fyrir netstreymi: 1080. mp4, 5 Mbit/s, með innbrenndum enskum texta. Æskilegt er að fá þessa skrá senda t.d. á Vimeo eða frá FTP þjóni fyrir frumsýningu.
  - f. Stikla, 1920 x 1080 444, með og án ensks texta.

- g. Stikla fyrir Kvikmyndavefinn, með enskum texta og án texta í 575 x 325 MP4 upplausn (ekki stærri en 50 mb)
- h. Tímakóðaðar enskar textaskrár fyrir kvikmynd sem notaðar voru við DCP og ProRes.
- i. Íslensk textaskrá.
- j. Stillur 5-10 mismunandi, á TIFF formi, lágmarks upplausn 1080 x 1920 og 300 dpi. Bæði í RGB og CMYK litakerfi. Taka skal fram hvaða 3 stillur henti sem aðalmyndir myndarinnar.
- k. Stafrænir masterar af plakötum á TIFF formi og plaköt á PDF formi, á ensku og íslensku (eftir því sem við á). Einnig 10 útprentuð plaköt, ef slíkt hafa verið útbúin.
- l. Nýlegar myndir af aðalleikurum og leikstjóra, auk réttindaframsals á ensku, vegna ljósmyndanna. Þar lýsir framleiðandi því yfir að hann eigi rétt til notkunar myndanna og heimili KMÍ að nota þær í kynningu á myndinni hérlendis og erlendis án þess að til komi greiðsla.
- m. Uppfærða ferilskrá og lista yfir verk (filmography) leikstjóra, framleiðenda, handritshöfunda og framleiðslufyrirtækja á íslensku og ensku. Grunn upplýsingar um myndina þar sem m.a. koma fram nöfn meðframleiðenda, meðframleiðslufyrirtækja og sölu- og dreifingaraðila, ef og þegar þær upplýsingar liggja fyrir, umsögn leikstjóra um myndina (15 línur) á íslensku og ensku. Ennfremur skal tilgreina tæknilegar upplýsingar um myndina, s.s. lengd, hljóðtegund, upptökutækni, sýningarmiðil og sýningarhlutfall (eyðublað má nálgast á heimasíðu KMÍ).
- n. Upphafs- og lokatitlar (kredit) listar kvikmyndar.

## 2. Harður diskur 2.

Skiladiskur kvikmyndar í fullri lengd – DCP sýningareintak með enskum texta á CRU diskum merktum nafni myndarinnar og framleiðanda í viðeigandi umbúðum til sendinga.

Á þessum disk á að vera: DCP mappa, 2K eða hærri upplausn, með viðeigandi hljóðrásum og enskum texta.

## 3. Filmueintak með enskum texta, hafi slíkt verið gert.

Ofangreint efni er ætlað til kynningar hérlendis og erlendis. KMÍ er heimilt að nota efnið í kynningarútgáfur sínar og til almennra kynninga á myndinni sem hluta af íslenskri kvikmyndamenningu. Slíkt skal þó ávalt gert í samráði við framleiðenda. Þá er KMÍ einnig heimilt að láta gera önnur eintök af kvikmyndinni til eigin nota, eftir því sem við á í samráði við framleiðanda. Ekki kemur til sérstök greiðsla fyrir notkun á efninu.

KMÍ er heimilt, sér að kostnaðarlausu, í tengslum við menningarlega viðburði, þ.m.t. kvikmyndahátíðir, að sýna hópi fólks hérlendis og erlendis kvikmyndina. Upplýsa skal framleiðanda um slíkar sýningar.

KMÍ tekur að sér að kynna kvikmyndina sem íslenskt verk á kvikmyndahátíðum og/eða mörkuðum erlendis og ákveða hvert inntak þeirrar kynningar sé. Samráð skal haft við framleiðanda nema um annað sé samið. Styrkþegi skal upplýsa KMÍ ef einhverjar hömlur eru á notkun myndarinnar og efni henni tengdri vegna réttar 3ja aðila.

Ef almennir gæðastaðlar fyrir stafræn gögn breytast til hins betra á því tímabili sem líður frá því að umsókn er lögð inn og þar til að lokaskil fara fram getur KMÍ, í samráði við framleiðanda, óskað eftir gögnum í bættum gæðastöðlum.

### **III. Kvikmyndasafn Íslands**

Sérstök athygli styrkþega er vakin á því að þeim ber að skila til Kvikmyndasafns Íslands þeim gögnum kvikmynda sem falla undir skylduskil. Athugið að ofangreind skil til Kvikmyndamiðstöðvar Íslands eru ekki hluti af skylduskilum til Kvikmyndasafns Íslands.

Samkvæmt 10. gr. kvikmyndalaga nr. 137/2001 skal framleiðandi kvikmynda sem hlotið hefur styrk úr KMÍ afhenda Kvikmyndasafni Íslands tvö eintök kvikmynda og skal annað eintakið vera frumeintak eða ígildi þess. Þá skal styrkþegi einnig skila inn til Kvikmyndasafns Íslands öðru efni sem varðar kvikmyndina og hefur varðveislugildi. Styrkþegi skal gera þetta eins fljótt og auðið er. Ekki kemur til sérstakrar greiðslu vegna þessa. Einnig er bent á 11. gr. laga um skylduskil til safna nr. 20/2002 sem tóku gildi 1. janúar 2003.

Upplýsingar um skil má finna á heimasíðu Kvikmyndasafns Íslands:

[http://www.kvikmyndasafn.is/vefur/?page\\_id=1807](http://www.kvikmyndasafn.is/vefur/?page_id=1807)

### **IV. Skil á uppgjöri til Kvikmyndamiðstöðvar Íslands**

1. Fjárhagslegt uppgjör: Styrkþega ber að skila lokauppgjöri innan sex mánaða frá frumsýningadegi en æskilegt er að gera það um leið og það liggur fyrir. Athugið að lokagreiðsla fer ekki fram fyrir en það liggur fyrir.

Lokauppgjör skal innihalda sömu liði og upprunaleg kostnaðaráætlun og skulu upphæðir úr kostnaðaráætlun fylgja með til samanburðar. Uppgjör skal einnig innihalda sérstakan lista yfir fjármögnunarfé, þ.m.t. styrki, fjárfestingar, forsölu á sýningarrétti, allt eftir því sem við á hverju sinni. Eins skal skila inn greinargerð ef það er munur á upphaflegri kostnaðaráætlun og raunkostnaði þar sem þessi munur er útskýrður.

2. Skil á upplýsingum um kynjahlutföll: Í Samkomulagi um stefnumörkun fyrir íslenska kvikmyndagerð árin 2016-2019 er sett það markmið að jafna hlut kynjanna í kvikmyndagerð með því að tryggja jafnt styrkhlutfall úr kvikmyndasjóði. Kvikmyndamiðstöð fer því fram á lista yfir kynjahlutföll í listrænum lykilstöðum í umsókn og er óskað eftir uppgjöri á endanlegu kynjahlutfalli í þessum stöðum.

Um er að ræða eftirfarandi stöður: leikstjóri, handritshöfundur, framleiðandi, stjórn kvikmyndatöku, búningahöfundur, leikmyndahönnuður, tónskáld, hljóðhönnuður og klippari. Eins skal skila inn greinargerð ef það er munur á upphaflegri áætlun og endanlegri niðurstöðu þar sem munurinn er útskýrður.

Lokauppgjör og yfirliti um kynjajafnvægi óskast skilað til:

[umsoknir@kvikmyndamidstod.is](mailto:umsoknir@kvikmyndamidstod.is)

## Dæmi um skiladiska



3, 5" SATA diskur án hýsingar  
1 til 4 terabæt eftir því sem við á



CRU diskur í viðeigandi  
ferðambúðum.